

FUNDARGERÐ

8. september 2019

Fundur stjórnar, haldinn að Stjörnugróf 31.

Mættir: Elfa Þöll Grétarsdóttir, Eyþóra Hjartardóttir, Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir, Karl Þráinsson og Unnur Björnsdóttir.

Gestur fundarins : Helga Dögg Björgvinsdóttir, annar fulltrúi foreldra í skólaráði Fossvogsskóla.

Karl Þráinsson, formaður FFF er jafnframt fulltrúi FFF í skólaráði.

Fundarefni:

1. Stjórn FFF taldi rétt að hittast og fara yfir stöðuna varðandi bókasafn Fossvogsskóla ásamt báðum fulltrúum foreldra í skólaráði. Annar fulltrúi foreldra í skólaráði er Karl Þráinsson, formaður FFF, en ákveðið var að bjóða Helgu Dögg Björgvinsdóttur, sem jafnframt er fulltrúi foreldra í skólaráði, að taka þátt í fundinum.

Mikið af bókum hafa verið afskrifaðar og hent en stærstur hluti safnsins var hreinsaður. Skóla- og frístundasvið hefur þegar tekið ákvörðun um að bókasafninu verði ekki fargað. Vísað er til þess að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, telji hættulaust að nota bækurnar eftir að þær hafi verið hreinsaðar. Hópur foreldra hefur miklar áhyggjur af því að bókasafnið verði tekið í notkun á ný þar sem útilokað sé að tekist hafi að fjarlægja allt dautt mygluefni af því og það geti haft áhrif á heilsu nemenda og starfsfólks.

Farið yfir málið og öllum hliðum þess velt upp. Ljóst að hópur foreldra hefur verulegar áhyggjur af málinu. Fjölmargir foreldrar hafa einnig áhyggjur af því að bókasafnið er ekki komið í notkun og börnin hafi því ekki aðgang að bókum í skólanum s.s. fyrir yndislestur og almennan fróðleik.

Fundarmenn eru sammála um mikilvægi þess að velferð nemenda og starfsfólks Fossvogsskóla sé tryggð í hvívetna. Nauðsynlegt er að það sé hafið yfir allan vafa að starfsumhverfi skólans sé öruggt. Jafnframt eru allir sammála um að óásættanlegt verði að starfrækja skólann án bókasafns þar sem bókakostur er grunnþáttur í starfsemi skólans. Sé það hafið yfir allan vafa að notkun bókana eftir hreinsun hafi ekki áhrif á heilsu fólks telja fundarmenn nauðsynlegt að endurnýjun safnsins verði engu að síður hraðað og að mikilvægt sé að SFS veiti viðbótarfjárveitingu til þess.

Rætt um að e.t.v. megi geyma elsta hluta bókasafnsins en taka aðeins upp nýjasta hluta þess. Allir sammála um nauðsyn þess að börnin hafi aðgengi að bókum í skólanum sem veki áhuga þeirra svo áhugi á lestri detti ekki niður.

2. Niðurstöður rannsóknar sem framkvæmd var af Rannsókn og greiningu um líðan nemenda í 5. – 7. bekk. Málið var rætt á síðasta fundi Foreldraþorpsins og fulltrúar þar spurðir hvort búið væri að kynna niðurstöðurnar fyrir foreldrum. Fulltrúar í skólaráði óski eftir því að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar fyrir foreldrum.

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla

Sem fyrr er stefnt að næsta fundi stjórnar FFF þriðjudaginn 17. september nk.
Undirbúningur aðalfundar og tiltekt í geymslu FFF.

Fundargerð ritaði EHj.